

## Fundargerð 133. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Agnar Ólason, Þorsteinn Hjálmarsson, Brynjólfur Árnason og Jón Kornelíus Gíslason

Fjarfundur: Guðni Þór Elisson

Fjarverandi: Svanur Gunnsteinsson, Símon Guðvarður Jónsson og Sigurður Gunnar Benediktsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 132
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Aðalfundur – niðurstöður.
4. Önnur mál.

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 132

Lögð var fram fundargerð síðast fundar sem var samþykkt með undirritun.

### 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Stór hluti ASÍ félaga búa til að skrifa undir kjarasamning og atkvæðagreiðsla í gangi. Þessi samningur hentar best láglaunafólki.

Við erum búin að fá 2 fundi með SA. Frá því að VR, Efling og Starfsgreinasambandið undirrituðu kjarasamninga. Fyrri fundurinn var bara kynning á samningnum og á þeim seinni fengum við að kynna okkar kröfur. Næsti fundur er svo í dag kl. 14:00, aftur á morgun og svo í næstu viku.

Stóra samninganefndin verður boðuð á fund á mánudaginn.

### 3. Aðalfundur - niðurstöður

56 mættu á fundinn auk starfsmanna sem flestir eru félagsmenn. Borið saman við síðustu ár og það að það þurfti að færa fundinn þá er þetta bara nokkuð góð mæting. Óskað var eftir að fá að vita meðalaldur á fundinum og var það í kringum 51 ár. Fundurinn gekk heilt yfir ágætlega en við vorum samt of lengi við orlofsmálin en samþykkt var að orlofsnefndin færi í 5 ára áætlun. Á fundinum var bent á íbúð á Egilsstöðum sem væri sniðugt að kaupa og hún væri mjög ódýr. Við höfum síðan þá fengið þær upplýsingar að mygluvandamál sé í þessu húsi.

Rætt var um endurbyggingu Einarstaða sem stoppuð var á aðalfundi, menn verða að vera búin að kynna sér málin almennilega áður en þeir tala á móti, eins með húsið á Laugarvatni það var sagt á sulum en það er bara ekki rétt. Varðandi Laugarvatn þá var talið ódýrara fyrir félagið að kaupa þetta hús á Laugarvatni heldur en að fara í að byggja nýtt plús það að við eignumst jörðina um leið. Hann sagði líka að búið hefði verið að skoða með Einarstaði að fara í breytingar en við værum búin að tala við menn sem hafa verið í þessum breytingum og niðurstaða okkar hefði verið

að það væri hentugra að setja nýtt hús á staðinn og á steiptum sökklí. En nú verður orlofsnefndin að fara í vinnu við að finna út hvað á að gera á næstu 5 árum og þá væntanlega hafa Einarstaði með, gaman verður að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu. Niðurstaðan verður lögð fyrir stjórn og síðan væri sniðugt að vera með kynningu fyrir félagsmenn til að vera búin að taka þessa umræðu áður en kemur að því að óska eftir fjármagni á aðalfundi. Formaður spurði hvað mönnum myndist um svona kynningu á fundinum eins og IDAN var með og voru menn almennt á því að það væri í góðu lagi en tímamörk þyrftu að vera.

#### 4. Önnur mál

Formaður ræddi um verkfallsaðgerðir. Verið er að skipuleggja og ætlar allt iðnaðarsamfélagið að fara í þetta saman.

Formaður ræddi um póst sem var sendur út á milli funda vegna mála sem þurfti að afgreiða. Mál nr. 3 var vegna félagsmanns okkar sem starfaði hjá WOW. Samþykkt var að lána honum 1 mánuð á meðan beðið er eftir ábyrgðsjóði launa. Spurt var hvort þetta væri löglegt, þ.e. að samþykkja svona í gengum tölvupósti. Formaður skoðar málið.

Nr. 2 í póstinum var beiðni frá VMA um styrk til útskriftarnema. Vaninn er að þeir fá styrk frá okkur og var það samþykkt.

Nr. 1 var kaup á hjartastuðtæki og var það ekki í samþykkt í tölvupóstinum. Formaður ákvað þá aðtaka það aftur upp og kynna betur, Málið snýst um kaup á 2 hjartastuðtækum í Varðskipin og ætlar Skipstjórafélagið að kaupa eitt og önnur félög voru beðin um að kaupa saman annað. Sjómannasambandi verður ekki með og því ljóst að tækið verður ekki keypt nema við förum í það. Hvort tæki kostar 900 þúsund krónur. Umræður urðu um verðið og hvort ríkið ætti ekki að sjá um að kaupa þessi tæki. Að lokum var samþykkt að VM kaupi 1 tæki.

Formaður lagði fram til upplýsinga kostnað vegna golfkortanna á Laugarvatni.

Fundi slitið 14:00